



BARNVÆNT HAGSMUNAMAT SNIÐMÁT OG LEIÐARVÍSIR FYRIR SVEITARFÉLÖG

BARNVÆN SVEITARFÉLÖG ER VERKEFNI UNICEF Á ÍSLANDI SEM STARFAR MEÐ SVEITARFÉLÖGUM AÐ ÞVÍ AÐ TRYGGJA RÉTTINDI BARNA.

Markmiðið með verkefninu er að sveitarfélög gefi öllum börnum tækifæri hvort sem þau þurfa sérstakan stuðning frá sveitarfélaginu eða koma einfaldlega í heimsókn á bókasafnið – til að hafa sannarlega áhrif á og njóta ávinnings af ákvörðunum, þjónustu og umhverfi sem hafa áhrif á líf þeirra.

Verkefnið er hluti af alþjóðlegu verkefni UNICEF – [Child Friendly Cities](#) – sem hófst árið 1996 og nær til yfir 30 milljón barna í meira en 50 löndum.

UNICEF á Íslandi býður upp á fræðslu og stuðning sem byggist á [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#) og styður við sveitar- og bæjarstjórnir, starfsfólk sveitarfélaga, börn og ungmenni sem vinna saman í metnaðarfullu þriggja til fimm ára ferli sem skilar þeim alþjóðlegri viðurkenningu af hálfu UNICEF sem Barnvænt sveitarfélag.

Nánari upplýsingar má finna á www.barnvaensveitarfelog.is

HLUTI AF ALÞJÓÐLEGU STARFI UNICEF




BARNVÆNT HAGSMUNAMAT – BARNVÆN SVEITARFÉLÖG

1	FORSAGA	4
2	HVAÐ ER BARNVÆNT HAGSMUNAMAT?	5
3	HVERS VEGNA ÆTTI AÐ GERA BARNVÆNT HAGSMUNAMAT?	7
4	ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA	8
	4.1 Próun á verklagi og sniðmáti fyrir barnvænt hagsmunamat	8
	4.2 Að skilja réttindi barna: Barnvænt hagsmunamat sem hluti af nálgun sveitarfélaga sem hefur réttindi barna að leiðarljósi	10
5	SNÍÐMÁT OG LEIÐARVÍSIR	12
	5.1 Sniðmát fyrir barnvænt hagsmunamat	12
	5.2 Leiðarvísir fyrir barnvænt hagsmunamat	14
	VIÐAUKI 1: RÉTTINDI BARNA	23
	VIÐAUKI 2: ALMENNAR ATHUGASEMDIR BARNARÉTTARNEFNDAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	23

Þessi upplýsingabæklingur var þróaður og hannaður af landsnefnd UNICEF í Bretlandi fyrir Child Friendly Cities and Communities verkefnið þar í landi í júní 2021.

Þessar leiðbeiningar hafa verið þróaðar fyrir þau sveitarfélög sem taka þátt í verkefninu en henta til notkunar fyrir starfsfólk hjá hvaða sveitarfélagi sem er.



1. FORSAGA

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) er sá alþjóðlegi sáttmáli um grundvallarmannréttindi sem hefur verið fullgiltur af flestum þjóðum. Íslensk stjórnvöld fullgiltu Barnasáttmálann árið 1992. Sáttmálinn var svo lögfestur í heild sinni árið 2013.

Samkvæmt mannréttindasamningum njóta öll börn sömu réttinda og fullorðnir en vegna þess hve háð börn eru fullorðnum og vegna viðkvæmrar stöðu þeirra, njóta börn ríkari réttinda sem sett eru fram í Barnasáttmálanum.

Réttindi barna ná til allra þátta í lífi barna frá fæðingu til 18 ára aldurs. Þessi réttindi gilda hvar sem barnið er: heima hjá sér, í skólanum, á stofnun eða hvar sem er í samfélaginu. Börn fæðast með réttindi sín, þau gilda alltaf og hvar sem er og börn geta ekki misst réttindi sín.

Réttindi barna viðurkenna að börn gegna lykilhlutverki í sínu eigin þroskaferli. Börn eru réttstíflar, en möguleikar þeirra til að nýta réttindi sín geta takmarkast af kerfislægum hindrunum og viðhorfum sem nauðsynlegt er að greina og aðlaga. Stjórnvöld, þ.m.t. sveitarfélög, bera ábyrgð á því að koma réttindum allra barna í framkvæmd. Þeir sem bera ábyrgð á stefnumálum, stefnumótun, lagaframkvæmd og framkvæmd þjónustu þurfa að gæta sérstaklega að áhrifum ákvarðana sinna á réttindi barna. Huga þarf sérstaklega að því að gera úrbætur hvað varðar viðhorfs- og skipulagshindranir, helst með beinni aðkomu barna.

Barnvænt hagsmunamat (CRIA) er eitt af því sem koma þarf í framkvæmd þegar Barnasáttmálinn er innleiddur. Samkvæmt Barnasáttmálanum skulu öll stjórnvöld á öllum stigum og aðilar sem veita opinbera þjónustu (þ.m.t. aðilar sem eru ráðnir í gegnum sjálfboðastarf eða einkafyrirtæki) tryggja að það sem er barninu fyrir bestu sé sett í forgang og haft að leiðarljósi í öllum aðgerðum sem snerta börn. En ekki er hægt að vita hvort þessi meginregla er uppfyllt ef ekki er til staðar mat á áhrifum út frá hagsmunum barnsins og eftirlitsferli með því.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem er eftirlitsaðili með framkvæmd Barnasáttmálans, hefur bent íslenskum stjórnvöldum á að tryggja þurfi að meginreglunni um það sem er barninu fyrir bestu sé beitt af samkvæmni í áætlunum og í lagalegri og stjórnsýslulegri meðferð og fyrir dómstólum. Þá er það hluti af aðgerðaáætlun stefnu stjórnvalda um Barnvænt Ísland að mótað verði sérstakt barnvænt hagsmunamat fyrir stjórnvöld. UNICEF hefur leiðbeint sveitarfélögum varðandi framkvæmd barnvæns hagsmunamats í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Í þessum leiðbeiningum er að finna upplýsingar, góð ráð og staðlað sniðmát fyrir barnvænt hagsmunamat fyrir sveitarstjórnir og starfsfólk sveitarfélaga, sem hefur verið þróað sérstaklega af starfsfólki **UNICEF í Bretlandi sem leiðir þar verkefnið Child Friendly Cities and Communities.**



2. HVAD ER BARNVÆNT HAGSMUNAMAT?

Barnvænt hagsmunamat er verkfæri sem hægt er að nota til að innleiða meginreglur um réttindi barna og greinar Barnasáttmálans í stefnumótandi áætlanagerð og við innleiðingu verkefna, í stefnumótun, forgangsroðun áætlana, í fjárhagsáætlanagerð og í útfærslu, veitingu og mati á þjónustu.


Þegar barnvænt hagsmunamat fer fram eru tillögur skoðaðar „með réttindi barnsins að leiðarljósi“ og mat lagt á hver áhrifin munu vera á börn og réttindi þeirra. Matið er svo birt þannig að almenningur, bæði börn og fullorðnir, séu upplýst um ætluð áhrif.

Barnvæn hagsmunamöt eru ekki pólitísk skjöl. Þeim er ætlað að vera verkfæri til að nýta við ákvörðunartöku og veita þeim sem taka ákvarðanir gagnreynda og óhlutdræga ráðgjöf.

UMTVENNS KONAR MAT ER AÐ RÆÐA:

Annars vegar er um að ræða mat sem veitir sveitarfélögum tækifæri til þess að að kanna fyrirfram hugsanleg áhrif ákvarðana á börn á meðan þær eru í þróun og, ef þörf er á, komast hjá eða draga úr neikvæðum áhrifum.

Hins vegar er um að ræða mat á ákvörðun sem þegar er komin í framkvæmd. Með því gefst tækifæri til að meta raunveruleg áhrif stefnu, áætlana eða þjónustu eftir skilgreindan tíma. Ef nauðsyn krefur ætti að endurskoða stefnuna, áætlunina eða þjónustuna á grundvelli hagsmunamatsins og tryggja þannig réttindi barna.



Framkvæmd barnvæns hagsmunamats gerir það að verkum að fjallað er á markvissan hátt um bein eða óbein áhrif ákvarðana á tiltekið barn, sérstaka hópa barna eða börn almennt – oft með áherslu á viðkvæmustu eða jaðarsettustu einstaklingana.

Barnvænt hagsmunamat felur í sér merkingarbæra þátttöku barna og ungmenna og samtal við þau en þáttökuleiðir eru tryggðar í gegnum allt ferlið, þar á meðal með endurgjafar- og endurskoðunarferlum.

Matið ýtir undir þverfagleg samskipti og samstarf á milli stofnana til að tryggja að hugað sé að öllum áhrifum á barnið.

Matið er gagnreynt og byggist á bæði megindlegum og eigindlegum gögnum sem liggja fyrir og skipta máli fyrir umrædda tillögu. Matið er einnig hægt að nota til að greina hvar frekari gagna og sannana er þörf.


Því er ætlað að vísa sérstaklega til gagna um skoðanir og reynslu þeirra barna sem verða fyrir áhrifum af stefnumálinu/áætluninni, auk annarra hagsmunaaðila, eða tryggja að kallað sé eftir samráði eða frekari rannsóknum til að öruggt sé að matið sé byggt á upplýstum og traustum grunni.

Mat er lagt á hvaða áhrif tillagan muni hafa og byggist matið á sannreyndum heimildum.

- Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð eða hlutlaus.
- Áhrifin geta varað í stuttan, miðlungslangan eða langan tíma.
- Áhrifin geta verið ólík eftir mismunandi barnahópum og í þeim tilvikum ætti barnvæna hagsmunamatið að varpa ljósi á þessi ólíku áhrif og leiðbeina um það hvernig bregðast eigi við andstæðum hagsmunum á milli ólíkra barnahópa eða á milli barna og annarra hagsmunahópa.

Einn helsti tilgangurinn með barnvænu hagsmunamati er að auka fjölda stefnumála/áætlana/þjónustualkosta sem tryggja réttindi barna og/eða ýta frekar undir þau. Greina þarf kostnaðinn sem hlýst af mismunandi möguleikum til að hægt sé að nýta þær upplýsingar við ákvarðanatökuna.

Barnvænt hagsmunamat skal innihalda eftirlits- og endurskoðunarferli. Æskilegt er að barnvænt hagsmunamat sé í sífelldri notkun og ýti þannig undir endurskoðun á umræddri stefnumótun, stefnumáli eða áætlun eftir tiltekinn tíma sem tilgreindur er í hagsmunamatinu, til að tryggja að upphaflegum markmiðum hafi verið náð og réttindi þeirra barna sem tillagan hafði áhrif á hafi verið virt.



3. HVERS VEGNA ÆTTI AÐ GERA BARNVÆNT HAGSMUNAMAT?



Barnvænt hagsmunamat getur auðveldað sveitarfélögum og starfsfólki þeirra að taka ákvarðanir sem byggjast á upplýsingum frá þeim sem þær munu hafa bein áhrif á.

Alþjóðleg gögn hafa sýnt:

- Að börn séu að mestu útilokuð frá opinberum ákvarðanatökufærum, þau séu án atkvæðisréttar og hafi takmarkað vald eða rými til að tala fyrir sína hönd.
- Að ábyrgð á málefnum barna dreifist gjarnan á milli deilda og stofnana og að sýnileiki barna í opinberum ferlum sé takmarkaður.
- Að börn nýti sér meira og séu háðari opinberri þjónustu en fullorðnir – og að miklar líkur séu á skaðlegum áhrifum á börn þegar slík þjónusta bregst.
- Að börn hafi minni aðgang að kærufærum og leiðum til úrbóta og úrlausna.

Barnvænt hagsmunamat getur auðveldað sveitarstjórnun og starfsfólki sveitarfélaga:

- Að vekja aukna athygli á málefnum barna í sveitarfélaginu.
- Að auka áhrif barna á ákvarðanir sem varða þau með sýnilegum hætti.
- Að auka vitund og skilning á réttindum barna og Barnasáttmálanum innan sveitarfélaga og samstarfsstofnana, sem og hjá íbúum sveitarfélaganna, bæði hjá börnum og fullorðnum.
- Að byggja ákvarðanir sem varða börn á rannsóknum og öðrum gögnum og heimildum.
- Að tryggja meiri skýrleika hvað varðar úthlutanir á fjármagni sem hafa áhrif á og styðja við börn.
- Að taka ákvarðanir sem eru byggðar á upplýsingum frá þeim sem þær munu hafa bein áhrif á.
- Að bæta samhæfingu á milli deilda og sviða með því að beina sjónum að öllum áhrifum á börn, frekar en tiltekinni áætlun eða þjónustu.
- Að auka réttmæti og almennan stuðning við ákvarðanir sveitarfélaga með auknu gagnsæi meðal annars með birtingu á barnvæna hagsmunamatinu, en þar koma fram upplýsingar um umræðurnar sem fóru fram, ferlið sjálft, niðurstöðurnar sem komist var að og gögnin sem umræddar ákvarðanir byggðu á.

4 ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA



4.1 ÞRÓUN Á VERKLAGI OG SNIÐMÁTI VEGNA BARNVÆNS HAGSMUNAMATS

Til að tryggja árangursríka framkvæmd á barnvænu hagsmunamati hjá sveitarfélagi þarf að undirbúa innleiðingu á matinu. Setja þarf verklag um ferlið og best er að styðjast við sérstakt sniðmát fyrir hagsmunamatið.

AÐ HVERJU ÞARF AÐ HUGA ÞEGAR ÞRÓA SKAL BARNVÆNT HAGSMUNAMAT FYRIR STJÓRNSÝSLU SVEITARFÉLAGA?



- Skýra þarf hvaða tilgangi barnvænt hagsmunamat þjónar innan sveitarfélagsins og tryggja þarf að allt starfsfólk geri sér grein fyrir þeim tilgangi.
- Ramma þarf inn hvenær barnvænt hagsmunamat á við – þ.e.a.s. við hvers konar ákvörðunartöku notast skal við það. Á það t.d. við þegar stefnumótun á sér stað, við fjárhagsáætlunargerð eða þegar þróa á þjónustu? Á það aðeins við þegar um nýjar ákvarðanir og stefnur er að ræða eða líka þegar þær eru endurskoðaðar? Á það aðallega við um þjónustu sem er sérstaklega ætluð börnum eða hvers kyns þjónustu sem hefur áhrif á börn? Mun matið forgangsraða viðkvæmum hópum barna og ungmenna sem nýta mest þjónustu sveitarfélagsins?
- Tilgreinið hverjum er ætlað að framkvæma barnvænt hagsmunamat. Eru það einungis þeir aðilar sem taka stærri ákvarðanir líkt og sveitarstjórnir, ráð og nefndir eða einnig starfsmenn sviða og stofnana?
- Greinið kostnaðinn sem hlýst af því að gera barnvænt hagsmunamat og gerið hann hluta af ferlinu (t.d. vinnustundir starfsfólks, kostnað við innleiðingu frekari gagnaöflunar, kostnað við framkvæmd á almennum eða sértæku samráði).
- Tryggið aðgang að miðlægu teymi sem þekkir vel til réttinda barna, Barnasáttmálans og ferlisins við að framkvæma barnvænt hagsmunamat og getur veitt samstarfsfólki upplýsingar, ráðgjöf og stuðning og tryggt að starfsfólkið meti stefnumál eða tillögur „með réttindi barnsins að leiðarljósi“.
- Þjóðið upp á þjálfun og stuðning í tengslum við barnvænt hagsmunamat og Barnasáttmálann fyrir þau sem sjá um að framkvæma hagsmunamatið. Viðkomandi ættu að hafa skilning á réttindum barna, ekki aðeins þekkingu á verklagsreglum hvað varðar framkvæmdina á barnvæna hagsmunamatinu (sjá bls. 10 um skilning á réttindum barna).
- Hefjið barnvænt hagsmunamat eins fljótt og auðið er í öllum þróunarferlum stefnumótunar, stefnumála, fjárhagsáætlana, áætlana eða þjónustu – tímasetning hefur mikið að segja um það hvort barnvæna hagsmunamatið muni raunverulega hafa upplýsandi áhrif á ákvarðanatöku.
- Notið sniðmát/gátlista til að þau sem framkvæma barnvæna hagsmunamatið hafi leiðbeiningar til að styðjast við (sjá sniðmát fyrir barnvænt hagsmunamat á bls. 13).
- Fáðið á hreint hvar er hægt að fá aðgang að uppfærðum, ítarlegum og áreiðanlegum gögnum er varða sveitarfélagið.
- Gangið úr skugga um að skoðanir og reynsla barna séu grundvallarþáttur í hagsmunamatinu með því að tryggja leiðir sem gera börnunum kleift að taka þátt í upphafi ferlisins og jafnt og þétt í gegnum ferlið. Þar sem vantar raddir barna og reynslu skal setja viðmið um það hvenær þátttaka þeirra og aðkoma skuli fara fram (t.d. með hliðsjón af mikilvægi áhrifanna, fjölda þeirra barna sem verða fyrir áhrifum, hversu viðkvæmri stöðu þau eru í eða hvort um er að ræða stórt nýtt verkefni). Mikilvægt er að þau sem framkvæma barnvænt hagsmunamat fái stuðning og þjálfun í að tala við og vinna með börnum.
- Að lokum er mikilvægt að hagsmunamatið sé birt og opið öllum. Hagsmunamat getur gegnt hlutverki opinbers gagns sem gefur góða mynd af því hvernig ákvörðun var tekin.

4.2 AÐ SKILJA RÉTTINDI BARNA: BARNVÆNT HAGSMUNAMAT SEM HLUTI AF RÉTTINDAMIÐAÐRI NÁLGUN SVEITARFÉLAGA

Mannréttindi eru þau grundvallarréttindi og frelsi sem við eigum öll rétt á til að lifa með reisn, njóta jafnréttis og sanngirni, og til að geta þróað eigin getu og möguleika og náð þeim. Samkvæmt mannréttindasamningum njóta öll börn sömu réttinda og fullorðnir en vegna viðkvæmrar stöðu sinnar njóta börn sérstakra réttinda samkvæmt Barnasáttmálanum.

Ætlast er til þess að ríki, sveitarfélög og yfirvöld á hverjum stað geri allt sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja Barnasáttmálanum og tryggja að ákvarðanir sem hafa áhrif á börn séu ekki aðeins í samræmi við samninginn heldur hafi, ef mögulegt er, jákvæð áhrif á mannréttindi barna. Landsnefnd UNICEF í Bretlandi þróaði réttindamiðaða nálgun að málefnum barna (e. child rights-based approach) (sjá mynd

hér að neðan) fyrir verkefnið Child Friendly Cities & Communities. Þessi nálgun byggist á greinum Barnasáttmálans og öðrum mannréttindasáttmálum og er mjög hagnýt þegar kemur að því að vinna með börnum og fyrir börn.

Nálgunin snýst um að setja barnið/börnin í miðjuna þegar kemur að þjónustu. Það valdeflir þau og fjölskyldur þeirra og auðveldar sveitarfélögum og starfsfólki þeirra að skilja, taka tillit til og uppfylla skyldur sínar samkvæmt Barnasáttmálanum.



BARNVÆNT HAGSMUNAMAT SKAL HAFA AÐ LEIÐARLJÓSI:

- **Sjö meginreglur réttindamiðaðrar nálgunar að málefnum barna (CRBA).**

Kjarni nálgunarinnar er hugmyndin um mannlega reisn – sú meginregla að hvert barn sé einstök manneskja sem er dýrmæt í sjálfri sér og að hana beri að virða og meta að verðleikum við allar kringumstæður. Réttindi eru tengd innbyrðis og því þarf oft að uppfylla tiltekin réttindi til að uppfylla megi önnur réttindi; auk þess eru þau óaðskiljanleg og því nýtur hvert einasta barn þeirra réttinda sem fram koma í Barnasáttmálanum, sama hverjar kringumstæður þess eru. Sem ábyrgðaraðilar þurfa sveitarstjórnir og starfsfólk sveitarfélaga að sýna gagnsæi og ábyrgð gagnvart börnum og ungmennum. Þar sem markmiðið er að tryggja réttindi barna er nauðsynlegt að sveitarfélögin eigi í áreiðanlegum, opnum og ábyrgum samskiptum og samtölum við sína íbúa, fjölskyldur og börn. Réttindamiðuð nálgun í málefnum barna felur einnig í sér fjórar grundvallargreinar Barnasáttmálans. Þær eru ekki aðeins réttindi í sjálfu sér heldur eru þær undirstaða allra annarra réttinda í samningnum: að réttindi séu tryggð án mismununar (2. gr.); að hagsmunir barnsins séu settir í forgang (3. gr.); rétturinn til lífs og þroska sé í hávegum hafður (6. gr.); og rétturinn til að tjá skoðun sína og að tekið sé tillit til skoðunarinnar (12. gr.).

- **5. gr. Barnasáttmálans** þar sem sérstaklega er fjallað um að taka skuli tillit til „vaxandi þroska og getu barns“. Þar kemur fram að aðildarríki skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra til að veita barni leiðsögn og handleiðslu en að það þurfi að taka tillit til vaxandi þroska og getu barnsins til þess að beita réttindum sínum sjálft.

- **Réttindi allra barna samkvæmt Barnasáttmálanum**

Réttur til menntunar, heilsuverndar, leikja og tómstunda; til viðunandi lífshjálpar; til friðhelgis einkalífs, upplýsinga og félagaafrelsis; og til þess að vera örugg. Auk þess réttindi barna sem þarfnast sérstakrar verndar og aðstoðar, s.s. fatlaðra barna, fórnarlamba mansals, misnotkunar eða misneytingar, barna sem eru innflytjendur, barna í réttarkerfi fyrir ungmenni eða barna í umönnunarkerfinu (sjá yfirlit yfir greinar Barnasáttmálans í 1. viðauka).

- **Valfrjálsa bókun* við Barnasáttmálann um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám** sem bannar nútíma þrælahald, barnavændi og barnaklám og krefst þess að opinberar stofnanir verndi og veiti fórnarlömbum slíks viðeigandi stuðning.

- **Almennar athugasemdir** sem gefnar eru út af Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og veita leiðbeiningar um túlkun á greinum Barnasáttmálans (sjá heildarlista yfir almennar athugasemdir í 2. viðauka).

*Valfrjálsar bókanir eru viðbætur við fyrirliggjandi sáttmála. Þótt til séu þrjár valfrjálsar bókanir við Barnasáttmálann hafa íslensk stjórnvöld aðeins fullgilt fyrstu tvær þeirra: valfrjálsa bókun við Barnasáttmálann um þátttöku barna í vopnuðum átökum og valfrjálsa bókun um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.

5 SNIÐMÁT OG LEIÐBEININGAR



5.1 SNIÐMÁT FYRIR BARNVÆNT HAGSMUNAMAT

Barnvænt hagsmunamat samanstendur af þremur stigum sem hvert um sig inniheldur lykilsurningar sem leiða notendur í gegnum mat á áhrifum. Þær er að finna í sniðmátinu á næstu síðu.

Í lokakafla sniðmátsins er að finna leiðbeinandi gátlista yfir efnisatriði sem ættu að fylgja öllu hagsmunamati sem birt er opinberlega.

STIG 1: TILGANGUR

1. Hver er stefnumótunin/áætlunin/þjónustan? Dragið saman heildarmarkmið og öll sértæk markmið sem eiga við um börn.
2. Hvaða þættir hafa áhrif á börn og ungmenni að 18 ára aldri?
3. Hver verður fyrir áhrifum? Hvaða hópar barna?

STIG 2: UPPBYGGING OG MAT

4. Hvaða greinar Barnasáttmálans eiga við um stefnumótunina/þjónustuna/áætlunina?
5. Hver eru líkleg/raunveruleg áhrif? Eru áhrifin jákvæð, neikvæð eða hlutlaus? [Ef neikvæð áhrif eru metin með tilliti til réttinda barna verður að setja fram og mæla með valkostum til að breyta tillögunni eða draga úr áhrifunum]
6. Hvernig mun stefnumótunin/þjónustan/áætlunin styðja við og efla réttindi barna?

STIG 3: SJÓNARMÍÐ OG RANNSÓKNARGÖGN

7. Á hvaða þekkingu byggja ákvarðanirnar? Hvaða staðfesting er til staðar um að stefnumótunin/þjónustan/áætlunin styðji við og efla réttindi barna?
8. Hafið þið leitað eftir og kynnt ykkur skoðanir og reynslu barna?
9. Hvernig ætlið þið ykkur að endurskoða stefnumótunina/þjónustuna/áætlunina til að tryggja að hún virði, verndi og uppfylli réttindi barna?

Leiðbeinandi efnislisti fyrir barnvænt hagsmunamat sem birt er opinberlega

- Lýsing á stefnumótun/þjónustu/áætlun.
- Umfang barnvæna hagsmunamatsins, tilgreining á því hvaða börn verða fyrir áhrifum og samantekt á gagnaöflun fyrir matið, þ.m.t. niðurstöður úr samráði við börn.
- Listi yfir greinar Barnasáttmálans sem tengjast tillögunni.
- Mat ykkar á áhrifum tillögunnar á réttindi barna.
- Vitneskja ykkar um skoðanir barna og upplifun þeirra á því sem fjallað er um.
- Áætlun um mat á innleiðingu stefnumótunar, þjónustu eða áætlunar, þar sem þátttaka barna í matsferlinu er tilgreind.

5.2 LEIÐBEININGAR FYRIR BARNVÆNT HAGSMUNAMAT

STIG 1

TILGANGUR

Á stigi 1 eru lagðar fram grunnupplýsingar um stefnumótun, stefnumál, áætlun eða þjónustu.

Þar er einnig tilgreint á hvern talið er að stefnumótunin, stefnumálið, áætlunin eða þjónustan muni hafa áhrif og hvort áhrifin eru líkleg til að vera bein eða óbein.

Ef um er að ræða stefnumótun eða víðtæka stefnumörkun er gott að útbúa lista yfir heildarmarkmiðin, auk markmiða sem tengjast sérstaklega börnum og ungmennum. Stefnumál og áætlanir geta haft bein og greinileg áhrif á börn og þetta getur komið skýrt fram í heildarmarkmiðum þeirra, en atriði sem hafa óbein áhrif kunna að hafa verið þróuð án þess að hafa börn í huga.

Í þeim tilvikum getur barnvæna hagsmunamatsferlið verið sérstaklega gagnlegt þar sem það vekur athygli á atriðum sem annars væri ekki hugað að – því þá er stefnumálið eða áætlunin skoðuð út frá barnaréttindanálgu.

Samkvæmt Barnasáttmálanum getur orðið „börn“ vísað til tiltekinna barna, barnahópa eða barna almennt. Hægt er að flokka börn í hópa eftir kyni, þjóðerni, trú, fötlun, kynhneigð eða aldursflokki; eftir landfræðilegri staðsetningu eða aðstæðum, t.d. börn í dreifbýli, börn í skóla, börn á sjúkrahúsi; eða börn sem þurfa aukinn stuðning, t.d. börn í umönnun, börn sem komast í kast við lögin, fórnarlömb misnotkunar eða misneytingar, börn sem tilheyra minnihlutahópi eða börn sem búa við fátækt.

Með beinum áhrifum er átt við stefnumál/aðgerðir þar sem börn verða fyrir beinum áhrifum af þeim breytingum sem lagðar eru til. Dæmi um þetta er eitthvað sem tengist dagvistun barna, skólamat, barnavernd, börnum í fóstri eða íþróttum fyrir börn. Með óbeinum áhrifum er átt við stefnumál/aðgerðir sem beinast ekki að börnum en munu hafa áhrif á þau. Dæmi um þetta eru verkefni sveitarfélags á sviði velferðarmála, foreldrafærninámsskeið, húsnaðisframboð og -hönnun, og stefnumál sem tengjast loftgæðum eða samgöngukerfum sveitarfélags.



MAT Á MARKMIÐUM STEFNU: DRÖG AÐ STEFNU VEGNA ÞJÓNUSTU FYRIR UNGBÖRN

Á stigi 1 var fjallað um markmið sveitarfélagsins að tryggja þjónustu fyrir ungbörn „sem mun skila útivinnandi foreldrum hágæða dagvistun og tryggja ungum börnum á svæðinu besta mögulega upphaf í lífinu“, en á sama tíma þurfti að draga úr kostnaði.

Á stigi 2 var vísað til viðeigandi greina Barnasáttmálans, auk leiðbeininga úr almenntri athugasemd 7 frá Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi ungra barna, og tilmæla til Bretlands í nýjustu lokaathugasemdum nefndarinnar.

Úr almennum athugasemdum:

„Samkvæmt Barnasáttmálanum hefst rétturinn til náms við fæðingu og er nátengdur rétti barnsins til að þroskast (2. mgr. 6. gr.). Öll ung börn og öll þau sem bera meginábyrgð á velferð þeirra skulu hafa aðgang að þjónustu til að stuðla að velferð þeirra, með sérstakri áherslu á viðkvæmustu hópa ungra barna og þau börn sem eiga á hættu að verða fyrir mismunun (2. gr.), sem og ung börn tekjulágra foreldra/umönnunaraðila (3. mgr. 18. gr.). Ríkið ber einnig ábyrgð á því að gera viðeigandi ráðstafanir til að auka skilning foreldra á hlutverki sínu í námi barna sinna og hvetja til barnauppeldis sem miðast við þarfir barnsins (2. mgr. 18. gr.).

„Þjónusta á fyrstu árum barns ætti að viðurkenna mikilvægi skapandi leiks (gr. 31) og könnunarnáms – og bjóða upp á leiðir þar sem ung börn geta fengið að hittast, leika sér og eiga í samskiptum í barnamiðuðu, öruggu, styðjandi, örvandi og streitulausu umhverfi.“


Í lokaathugasemdum Barnaréttarnefndarinnar til Bretlands sem birtar voru árið 2016, í tengslum við þátttökurétt ungra barna og

réttinn til þess að fá menntun og tækifæri til leiks í barnæsku (28., 29. og 31. gr.), voru tilmæli nefndarinnar eftirfarandi:

„... stuðla skal að því að yngri börn geti nýtt sér þátttökurétt sinn skv. 12. grein (a-liður 31. mgr.), þar með talið við útfærslur á verkefnum og þjónustu.

„... ríkið skal úthluta fullnægjandi mannauði, tækni og fjármagni fyrir þróun á aukinni umönnun og menntun ungra barna, byggt á ítarlegri og heildstæðri stefnu um þroska ungra barna, með sérstakri áherslu á börn í viðkvæmustu aðstæðunum“ (f-liður 73. mgr.).“

Í þessum athugasemdum má finna leiðbeiningar sem nota má við framkvæmd barnvæns hagsmunamats til að skoða tilteknar tillögur og meta hversu vel þær þjóna heildarmarkmiðum sveitarfélagsins. Í athugasemdunum er einnig að finna viðmið sem hægt er að nota til að greina ágalla á yfirlýstum markmiðum: til dæmis hvað varðar forgangsroðun barnaumönnunar fyrir útivinnandi foreldra og lækkun á fjárveitingum til annarrar þjónustu við ung börn.



ÓBEIN ÁHRIF: SÝNILEIKI BARNA Í HÚSNÆÐISSTEFNU SVEITARFÉLAGS

Í kjölfar fimm ára endurskoðunar á húsnæðisstefnu sveitarfélagsins var ákveðið að gera barnvænt hagsmunamat til að tryggja að endurskoðuð útgáfa yrði „barnvæn“.

Í barnvæna hagsmunamatinu komu upp ýmis álitæfni varðandi tiltölulega lítinn sýnileika barna í upprunalegu stefnunni sem hætta var á að yrði endurtekinn í endurnýjuðu stefnunni:

- Skortur á áreiðanlegum lýðfræðilegum gögnum um fjölda, aldur og uppruna barna sem bjuggu á mismunandi gerðum af heimilum, þar sem einungis voru til upplýsingar um „þekktan“ fjölda heimilislausra 16 til 18 ára ungmenna og um fjölda fatlaðra barna sem þyrftu á aðlögun húsnæðis að halda.

- Skortur á heimildum um viðhorf og reynslu barna af húsnæðis- og umhverfismálum, t.d. varðandi óvissu um húsnæði, gæði húsnæðis, nýtingu orku, þrengsli, staðsetningu, fjarlægð frá grunnskóla/framhaldsskóla, aðgang að almenningssamgöngum, öryggi hverfisins og varðandi aðgang að leikvöllum, almenningssvæðum, grænum svæðum og ljósleiðaratengingu.

- Ekki var haft samráð við börn og ungmenni um viðhorf þeirra til framtíðarskipulags og framkvæmda í sveitarfélaginu.

Skortur á þessum upplýsingum leiddi til þess að erfitt var að meta raunveruleg áhrif stefnunnar á börn.

Í barnvæna hagsmunamatinu var mælt með því að borgarráð hefði viðtækt samráð við börn og foreldra/umönnunaraðila þeirra til að afla betri upplýsinga. Einnig var mælt með því að gerð yrði áætlun um samráð við börn fyrir næstu endurskoðun til að tryggja að næsta heildarstefna endurspeglaði viðhorf barna og fæli í sér viðbrögð við þörfum þeirra.



Á stigi 2 er sett fram hvernig tillagan tengist meginreglum mannréttinda og viðeigandi greinum Barnasáttmálans (sjá yfirlit yfir sjö meginreglur réttindamiðaðrar nálgunar og greinar Barnasáttmálans í viðauka 1).

Í sérhverju barnvænu hagsmunamati ætti að meta aðferðina, stefnumálið, áætlunina eða þjónustuna út frá sjö meginreglum réttindamiðaðrar nálgunar að málefnum barna: mannlegri reisn; banni við mismunun; því sem barni er fyrir bestu; rétti til lífs og þroska; þátttöku; ódeilanlegum og innbyrðis háðum réttindum; gagnsæi og áreiðanleika.

Þá ætti í sérhverju barnvænu hagsmunamati að tiltaka öll viðeigandi réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum og meta hvort tillagan tryggji að börn geti notið allra réttinda sinna.

Því næst skal meta í fyrsta lagi hvort aðferðin, stefnumálið, áætlunin eða þjónustan sé í samræmi við réttindi barna og í öðru lagi hvernig hún er réttindum barna til hagsbóta.

Ef við á, getur verið gagnlegt að grípa til leiðbeininga í viðeigandi almennum athugasemdum, sem eru gefnar út af Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, til að meta áhrifin á réttindi barna (sjá heildarlista yfir almennar athugasemdir í 2. viðauka).

Barnvæna hagsmunamatið kann að leiða í ljós mismunandi áhrif á mismunandi hópa barna, og setja ætti þau fram til að tryggja gagnsæi í ákvarðanatökuferlinu.

Ef niðurstaða matsins gefur til kynna einhver neikvæð áhrif verður að tiltaka hvaða breytingar þarf að gera til þess að tryggja að ætluð áhrif verði jákvæð eða hlutlaus. Ef við á skulu valkostir metnir með tilliti til kostnaðar og leiða til skýrra tilmæla um hvað skuli gera næst.

ÁHRIF ERU ÞRENNIS KONAR

1 NEIKVÆÐ

Þegar tillagan er ekki í samræmi við Barnasáttmálann: Getur dregið úr því að börn njóti þeirra réttinda sem þau eiga eða getur verið skaðleg fyrir tiltekna hópa barna.

2 JÁKVÆÐ

Þegar tillagan samræmist kröfum Barnasáttmálans: Gerir hugsanlega breytingar sem nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna hefur mælt með og/ eða getur ýtt undir framþróun í réttindum barna.

3 HLUTLAUS

Þegar tillagan hvorki dregur úr né hefur í för með sér framfarir varðandi réttindi barna.

NEIKVÆÐ ÁHRIF GREIND: RÝMKUÐ HEIMILD TIL AÐ STOPPA OG LEITA

Í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög vildi lögregla aukna heimild til að stoppa og leita á fólki til þess að bregðast við aukinni andfélagslegri hegðun, farsímapjófnaði og vopnaburði.

Auk hinna sjö meginreglna réttindamiðaðrar nálgunar í málefnum barna voru ýmsar greinar Barnasáttmálans sem taka þurfti til athugunar í barnvæna hagsmunamatinu:

- 15. grein – Félagafrelsi
- 16. grein – Réttur til friðhelgis einkalífs
- 19. grein – Vernd gegn ofbeldi, misnotkun og vanrækslu
- 33. grein – Vernd gegn skaðlegum vímuefnum
- 35. grein – Vernd gegn brottnámi, vændi og mansali
- 36. grein – Vernd gegn misbeitingu
- 37. grein – Vernd gegn grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð
- 40. grein – Börn sem brjóta lög


Í barnvæna hagsmunamatinu var vísað í meginreglu gögn um sveitarfélagið sem sýndu að samkvæmt núverandi stefnu voru börn á aldrinum 12 til 18 ára, og sér í lagi börn dökk á hörund og börn sem tilheyrðu þjóðernisminnihlutahópum, oftast stoppuð og leitað á þeim. Hins vegar lágu fyrir takmörkuð gögn um þeirra eigin skoðanir og upplifanir af því að vera stoppuð og á þeim leitað. Þá voru gögn sem sýndu að tillagan leiddi til lækkaðrar glæpatíðni einnig takmörkuð.

Við mat á áhrifum tillögunnar á börn kom fram að við hvers kyns útvíkkun á heimild til að stoppa ungmenni og leita á þeim yrði að taka jafnt tillit til réttinda þeirra og þarfarinnar á að auka öryggi á götum úti og koma í veg fyrir og upplýsa glæpi.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum á réttindi barna mælti barnvæna hagsmunamatið með því að sveitarfélög og lögregla mótuðu sérstaka stefnu um heimild til að stoppa og leita á börnum yngri en 18 ára.

Þessi stefna ætti að taka tillit til varnarleysis og hegðunar barnanna; nota skyldi tungumál sem hentar aldri og nauðsynlegt að hún tryggði öllum börnum í hættu vernd. Þá yrði stefnan að tryggja að heimild til að stoppa og leita á fólki sé aðeins beitt þegar það er löglegt og nauðsynlegt. Leitin ætti að vera hófleg og án mismununar og tryggt að réttindi væru virt þegar henni yrði beitt.

Einnig var mælt til þess að lögreglan gæfi út leiðbeiningar fyrir börn og ungmenni um þá aðferð að stoppa og leita á fólki og útskýra hvers vegna hún er notuð, fjalla um réttindi ungmenna samkvæmt nýju stefnunni og veita upplýsingar um kvörtunarferlið sem þessu tengist.



Stig 3 er þar sem heimildir sem liggja til grundvallar matinu eru kynntar. Í barnvæna hagsmunamatinu þarf að koma fram á hvaða gögnum ákvörðunin/stefnan/þjónustan er byggð og matinu skulu fylgja þau gögn og upplýsingar sem safnað var sérstaklega varðandi börn, t.d. þarfagreining, lýðfræðilegar upplýsingar, fræðilegar rannsóknir, eftirlit með þjónustu, notendakannanir o.s.frv.

Gögnin ættu bæði að vera megindleg og eigindleg og veita upplýsingar um fjölda barna og hópa barna sem þetta hefur áhrif á og viðhorf og reynslu barna sem verða fyrir áhrifum auk annarra hagsmunaaðila.

Með því að framkvæma barnvænt hagsmunamat skýrist það hvort að fyrirbyggjandi upplýsingar nægi til þess að hægt sé að taka vel upplýstar ákvarðanir eða hvort afla þurfi frekari upplýsinga með því að eiga samráð við og vinna með börnum sem verða fyrir áhrifum, eða hvort gera eigi frekari rannsóknir.

Viðurkennt er að ein mesta áskorunin þegar kemur að barnvænu hagsmunamati er að tryggja að það sé virkilega litið til góðra heimilda þegar áhrif á börn eru metin. Hægt er að líta til ýmiss konar heimilda, má þar nefna birtar rannsóknir, skýrslur, svör barna og ungmenna í könnunum og barnaþingum, og upplýsingar frá stofnunum sem vinna með og fyrir hönd barna og ungmenna.

Ef ekki eru til nægar góðar, uppfærðar heimildir um áhrif tillögunnar á börn og ungmenni gæti niðurstaðan verið að framkvæma nýja rannsókn eða koma í framkvæmd frekari þátttöku og vinnu með viðkomandi hópum barna áður en haldið er áfram.

Tekið skal fram að með því að koma snemma á fót þátttökuleiðum og fyrirkomulagi til

að leita reglulega eftir skoðunum barna og ungmenna má tryggja að merkingarbær þátttaka verði hluti af barnvæna hagsmunamatsferlinu frekar en viðbót við það. Þjálfarar skal fagfólk í réttindum barna og merkingarbærri þátttöku barna til að það hafi nauðsynleg verkfæri til að geta haft börn og ungmenni í fararbroddi við ákvarðanatöku. Í barnvæna hagsmunamatinu ætti einnig að setja fram hvernig fylgst verður með framgangi tillögunnar og á hvaða tímapunkti og af hverjum hún verður endurmetin. Innbyggt eftirlits- og endurmatsferli getur verið lykilatriði í því að tryggja að upprunalegum markmiðum sé náð og að réttindi barna séu virt, vernduð og tryggð. Eftirlits- og endurmatsferlið sjálft bætir þannig við mikilvægum upplýsingum sem hægt er að byggja á síðar.

Ef nota á barnvænt hagsmunamat sem verkfæri til að leggja mat á stefnu, áætlun eða þjónustu sem þegar er í gangi má nota sama sniðmát, fylgja sama ferli og spyrja sömu spurninganna. Munurinn er sá að verið er að horfa á raunveruleg áhrif: hvort stefnan, áætlunin eða þjónustan hafði í för með sér betri útkomu fyrir börn og stuðlaði að því að tryggja börnum réttindi sín, og hvort fyrir hendi er aðgangur að nægilegum áreiðanlegum heimildum til að styðja niðurstöðurnar.

Slíkt hagsmunamat ætti að leiða af sér greiningu sem byggir á góðum heimildum og upplýsingum um viðhorf og reynslu barna og ungmenna sem upphafleg ákvörðun hafði áhrif á. Þar með eru börn og ungmenni einnig þátttakendur í eftirlits-, endurskoðunar- og endurmatsferlinu.

DÆMI

GREINING Á EYÐUM Í RANNSÓKNARGÖGNUM:
ÁBENDINGAGÁTT SVEITARFÉLAGS

Sveitarfélag hóf endurskoðun á ábendingagátt sveitarfélagsins þar sem ætlunin var að innleiða nýja, einfaldaða og einstaklingsmiðaða nálgun við meðhöndlun ábendinga.

starfsfólk var með að taka við, rannsaka og leysa úr ábendingu/kvörtun frá barni – einkum með tilliti til málefna sem tengdust samþykki og trúnaði.

Í barnvæna hagsmunamatinu var skoðuð rannsókn sem sveitarfélagið lét gera sem – að undanskildum ábendingum sem tengdust þjónustu fyrir börn í fóstri eða þjónustu fyrir börn sem þurfa sérkennslu – innihélt engin gögn um börn. Jafnvel innan þessara efnisflokka var ekki vitað hversu margar ábendinganna voru frá börnum og hversu margar frá foreldri eða öðrum fyrir þeirra hönd.

Í tengslum við kvartanir vegna þjónustu fyrir börn skorti upplýsingar um ástæður kvartana og hver reynsla fólks væri af því að leggja fram kvörtun, ásamt því hver niðurstaðan var.

Almennt voru engin gögn til um það hvernig ábendingar eða kvartanir börn voru líkleg til að leggja fram, hversu barnvæn kerfin voru eða hvort þau voru í boði á þeim vettvangi sem börn eru líklegust til að nota.

Fyrir utan fósturkerfið voru engar upplýsingar til um það hversu öruggt

DÆMI

ÞÁTTTAKA BARNA OG UNGMENNA: TILLAGA BORGARRÁÐS
UM AÐ LOKA ALMENNINGSBÓKASÖFNUM

Hluti af tillögum borgarráðs til að draga úr kostnaði sveitarfélagsins fól í sér fyrirhugaða lokun 35% af öllum almenningsbókasöfnum borgarinnar, stytta afgreiðslutíma í útibúunum sem eftir voru og innleiða sjálfsafgreiðsluútibú án starfsfólks á staðnum. Enn fremur var fyrirhugað að útiloka börn yngri en 16 ára frá notkun sjálfsafgreiðsluútibúanna.

Í barnvæna hagsmunamatinu kom fram að tillögurnar fólu í sér mismunun (2. gr.), tóku ekki tillit til þess sem væri börnunum í sveitarfélaginu fyrir bestu (3. gr.) og gætu haft neikvæð áhrif á nám og félagslegan þroska þeirra (6. gr.).

Hætta var á að tillögurnar hefðu neikvæð áhrif á rétt barna til menntunar (28. og 29. gr.) og á rétt þeirra til aðgangs að upplýsingum (17. gr.).

Niðurstaða barnvæna hagsmunamatsins mælti með því að borgarráðið bætti samráði við börn, foreldra og kennara við ákvörðunartökuferli sveitarfélagsins.

Viðbrögð borgarráðsins voru að fresta ákvörðun sinni; setja upp netkönnun sem var ætluð börnum og ungmennum þar sem tillagan og ástæður hennar voru útskýrðar; og spurt hvernig þau notuðu þjónustu almenningsbókasafnanna, hvaða viðhorf þau hefðu til fyrirhugaðs niðurskurðar og hvort þau væru með tillögur um aðra valkosti sem myndu hjálpa börnum að hafa áfram aðgang að þjónustu almenningsbókasafna en fælu samt í sér sparnað.

Einnig var haft samband við alla grunnskóla og framhaldsskóla sveitarfélagsins til að tryggja að könnunin fengi víða dreifingu og kynningu.

Þetta skilaði sér í breytingum á upprunalegu tillögunum: vikulegum kvöldopnunum í öllum bókasafnsútibúunum sem eftir voru var bætt við auk helgaropnana til að bæta aðgengi utan skólatíma, ásamt því að aldurstakmörkin á notkun sjálfsafgreiðsluútibúanna voru endurskoðuð.

Borgarráðið samþykkti einnig verkefni um eftirlit og endurskoðun á breytingunni á þjónustunni þar sem þátttaka barna og ungmenna, auk annarra íbúa, væri tryggð.

ÖFLUN UPPLÝSINGA UM VIÐHORF BARNA OG UNGMENNA: ÞJÓNUSTA VEGNA MISNOTKUNAR VÍMUEFNA

STIG 3 SJÓNARMÍÐ OG GÖGN

Yfirvöld borgarhluta í miðborg Lundúna ákváðu að endurskipuleggja þjónustu við ungt fólk sem misnotar vímuefni. Til að afla upplýsinga gerðu yfirvöld barnvænt hagsmunamat á þjónustunni til þess að geta metið hana út frá réttindum barna og til að skilja hvers vegna fáir nýttu sér þjónustuna þrátt fyrir mikla þörf á svæðinu.

Ungu fólki sem nýttu sér þjónustuna, og breiðari hópí ungs fólks á svæðinu, var boðið að taka þátt í fjölbreyttu samráði. Nokkrum ungmennum, sem höfðu áður nýtt sér þjónustuna, var boðið að taka þátt í formlegum viðtölum. Þessi viðtöl voru svo gerð að valkvæðum möguleika þegar málum ungs fólks í þjónustu var lokað.


Pau ungmenni sem nýttu sér þjónustuna voru hvött til að taka þátt í barnvænni könnun um viðhorf og reynslu þeirra af þjónustunni. Auk þess voru þau hvött til að koma með tillögur að endurbótum. Þessu til viðbótar voru settir saman nokkrir rýnihópar í barnvænum rýmum, líkt og félagsmiðstöðvum og skólum, þar sem ungmenni gátu fengið að vita meira um þjónustuna, skipst á skoðunum og spurt spurninga.

Niðurstöður úr samráðinu við unga fólkið leiddu í ljós að skortur var á vitund um að þjónustan væri í boði og hvað fælist í henni. Einnig upplifðu þau skömm í tengslum við að nýta sér úrræðið þar sem það var greinilega merkt sem þjónusta fyrir fólk í vímuefnavanda. Þá voru miklar líkur á að hitta annað fólk á leið sinni til að nýta sér þjónustuna þar sem hún var staðsett nálægt menningarmiðstöð hverfisins. Einnig var erfitt að komast þangað sem þjónustan var veitt með almenningssamgöngum.

Ungt fólk tók svo beinan þátt í endurhönnun þjónustunnar þar sem boðið var upp á markvissar þátttökuleiðir. Áhrif þeirra voru margvísleg, allt frá því að ákveða nýtt heiti og merki fyrir þjónustuna yfir í að hafa áhrif á hvar hægt væri að bjóða upp á þjónustuna á öruggum og aðgengilegum stöðum fyrir ungmenni, t.d. í skólum og á bókasöfnum.

Nýja þjónustulíkanið var byggt á meginreglum um réttindi barna og nýttar voru upplýsingar úr endurgjöf ungs fólks. Starfsfólk og ungmenni sem sóttu þjónustuna fengu fræðslu um réttindi barna og skýru og gagnsæju fyrirkomulagi var komið á fót til að ungmenni gætu veitt endurgjöf, spurt spurninga eða lagt fram kvörtun.

Þessi þátttökumiðaða nálgun við endurskipulagningu þjónustu við ungt fólk í vímuefnavanda breytti tengslum ungmenna við þjónustuna og skilaði sér í betri og heildstæðari þjónustu fyrir börn og ungmenni.



VIÐAUKI 1: RÉTTINDI BARNA


Sjö meginreglur réttindamiðaðrar nálgunar að málefnum barna og greinar Barnasáttmálans mynda matsaðferð fyrir barnvænt hagsmunamat.

RÉTTINDAMIÐUÐ NÁLGUN AÐ MÁLEFNUM BARNA: SJÖ MEGINREGLUR TIL AÐ TRYGGJA RÉTTINDI Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU



MANNLEG REISN

Öll börn og ungmenni, rétt eins og allir fullorðnir einstaklingar, hafa innri reisu og manngildi sem skal meta, virða og hlúa að. Virðing fyrir mannlegri reisu barna þýðir að koma skal fram við öll börn af umhyggju og virðingu við allar aðstæður – í skólum, á sjúkrahúsum, lögreglustöðvum, í almenningsskrýmum eða á heimilum barna.



BANN VIÐ MISMUNUN (2. GR. BARNASÁTTMÁLANS)

Koma skal fram við öll börn og ungmenni með sanngjörnum hætti og vernda þau gegn mismunun, hvað sem líður aldri, kyni, þjóðerni, trúarbrögðum, tungumáli, bakgrunni fjölskyldunnar eða nokkurri annarri stöðu. Að hafa aðgang að jöfnum tækifærum og bestu hugsanlegu niðurstöðu merkir ekki að koma eigi fram við alla á sama hátt: Sum börn og ungmenni þurfa meiri stuðning en önnur til að sigrast á hindrunum og erfiðleikum.



ÞAÐ SEM BARNI ER FYRIR BESTU (3. GR. BARNASÁTTMÁLANS)

Það sem er barninu fyrir bestu verður að vera algjört forgangsatriði í öllum ákvörðunum og aðgerðum sem hafa áhrif á börn og ungmenni. Ákvarðanir geta tengst einstökum börnum, til að mynda ákvarðanir um ættleiðingu, eða hópum barna og ungmenna, til að mynda við hönnun leiksvæða. Í öllum tilvikum ættu börn og ungmenni að taka þátt í að ákveða hvað er best fyrir þau.



RÉTTUR TIL LÍFS OG ÞROSKA (6. GR. BARNASÁTTMÁLANS)

Sérhvert barn hefur rétt til lífs og sérhvert barn og ungmenni skal hafa sömu tækifæri til að þroskast og vaxa, vera öruggt og heilbrigt. Frá fæðingu og fram á fullorðinsaldur þroskast börn og ungmenni á marga mismunandi vegu – líkamlega, tilfinningalega, félagslega, andlega og námslega – og mismunandi fagfólk ætti að vinna saman til að gera þetta að veruleika.



ÞÁTTTAKA – VIRÐING FYRIR SKOÐUNUM BARNINS (12. GR. BARNASÁTTMÁLANS)

Öll börn og ungmenni eiga rétt á að láta í ljós álit sitt á málefnum sem hafa áhrif á þau og að skoðanir þeirra séu teknar alvarlega. Til að geta tekið virkan þátt í fjölskyldulífinu, nærsamfélaginu og samfélaginu í víðari skilningi, þurfa börn og ungmenni stuðning og tækifæri til þátttöku. Þau þurfa upplýsingar, rými til að láta í ljós skoðanir sínar og ábendingar og tækifæri til að leggja fram spurningar.



ÓAÐSKILJANLEG OG TENGD RÉTTINDI

Öll börn og ungmenni skulu njóta allra réttinda sinna öllum stundum vegna þess að öll réttindi eru jafn mikilvæg. Ekki er hægt að velja aðeins þau réttindi sem henta eftir aðstæðum. Réttindi barna og ungmenna til góðra lífskjara eða verndar gegn misnotkun, vanrækslu og ofbeldi eru jafn mikilvæg og réttindin til að hitta jafningja sína eða réttindin til tjáningarfrelsis.



GAGNSÆI OG ÁBYRGÐ

Opin umræða og sterk tengsl milli barna og ungmenna, fagfólks og stjórnmálafólks eru lykillinn að því að réttindi barna séu tryggð. Til að þetta geti orðið þurfa allir að fá hvatningu og tækifæri til að fræðast um og skilja réttindi barna. Þekking á réttindum gerir börnum og ungmennum einnig kleift að krefjast þess að fólk sem ber ábyrgð á að tryggja að réttindi þeirra séu virt, geri það.

GREINAR BARNASÁTTMÁLANS

HUGTAKIÐ BARN




Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri.

Greinar Barnasáttmálans eru oft flokkaðar eftir þema. Flokkunin getur hjálpað þér að greina hvaða réttindi Barnasáttmálans eiga við um hvert barnvænt hagsmunamat. Þótt sumar greinar eigi betur við en aðrar er mikilvægt að skoða jafnframt Barnasáttmálann í heild og valfrjálsar bókanir við hann.

BORGARALEG RÉTTINDI OG FRELSI



Börn skal skrá við fæðingu og þau eiga rétt á nafni og ríkisfangi. Alltaf þegar hægt er skulu börn þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.



Ríkisstjórnir verða að virða og vernda rétt barna til eigin auðkenna og koma í veg fyrir að nafni barnsins, þjóðerni og fjölskyldutengslum sé breytt með ólöglegum hætti.



Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.



Sérhvert barn á rétt á frjálsri hugsun, skoðanafrelsi og að velja sér trúarbrögð, svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna. Ríkisstjórnir verða að virða rétt og ábyrgð foreldra til að leiðbeina börnum sínum um hvernig nýta megir þessi réttindi að fullu.



Sérhvert barn á rétt á því að stofna sín eigin félög og hópa og það má hitta vini og félagar, svo lengi sem það brýtur ekki gegn réttindum annarra.



Öll börn eiga rétt á einkalífi. Lögin eiga að vernda einkalíf barna, fjölskyldur og heimili. Börn eiga líka rétt á því að samskipti þeirra við aðra, orðspor þeirra og fjölskyldna þeirra sé verndað með lögum.




Öll börn eiga rétt á því að fá áreiðanlegar upplýsingar með fjölbreyttum leiðum. Stjórnvöld eiga að hvetja fjölmiðla til þess að deila upplýsingum sem börn skilja. Stjórnvöld verða að stuðla að því að börn séu vernduð fyrir upplýsingum sem geta verið þeim skaðlegar.

OFBELDI GEGN BÖRNUM



19 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi foreldra þeirra og allra þeirra sem annast þau.



28 Aldrei má beita barn ofbeldi eða niðurlægja það, svo sem vegna brota á skólareglum.



34 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn kynferðisofbeldi, kynferðislegri misnotkun og misbeitingu.



37 Ekkert barn skal sæta grimmilegri, ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.



39 Börn eiga rétt á því að fá hjálp ef þau hafa meiðst eða verið særð, vanrækt, komið hefur verið illa fram við þau eða þau hafa orðið fyrir áhrifum af stríði svo að þau nái aftur heilsu og reisn.

FJÖLSKYLDA OG ÖNNUR UMÖNNUN



5 Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra og umönnunaraðila til að leiðbeina börnum sínum og fræða þau um réttindi sín svo að þau geti nýtt þau til fulls. Þetta þarf að gera með hætti sem viðurkennir sífellt aukna getu barnsins til að taka eigin ákvarðanir.



9 Ekki skal skilja börn frá foreldrum sínum nema þegar það er þeim fyrir bestu (til dæmis ef foreldri meiðir barn eða hugsar ekki vel um það að öðru leyti). Börn eiga rétt á því að vera í góðum tengslum við báða foreldra sína ef þeir búa ekki saman nema það sé talið skaðlegt fyrir þau.



10 Stjórnvöld eiga að leyfa barni og foreldrum að búa saman í sama landi. Ef foreldrar barns búa ekki saman og eru í sitthvoru landinu hefur barnið rétt á að ferðast frjálst svo það geti haldið sambandi við báða foreldra og verið með þeim.



11 Stjórnvöld skulu gera ráðstafanir gegn því að börn séu ólöglega flutt úr landi, til dæmis að börnum sé ekki rænt eða þeim haldið erlendis.



18 Foreldrar bera almennt báðir ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þeir eiga alltaf að meta og taka tillit til þess sem er barninu fyrir bestu. Stjórnvöld eiga að hjálpa og leiðbeina foreldrum við uppeldi barna sinna og bjóða upp á stoðþjónustu fyrir börn.



20 Barn sem ekki nýtur umönnunar fjölskyldu sinnar á rétt á því að hugsað sé um það af fólki sem ber virðingu fyrir trúarskoðunum þess, menningu, tungumáli og öðru sem varðar líf barnsins.

- 

21

Stjórnvöld verða að hafa umsjón með ættleiðingarferli til að tryggja að ættleiðingin sé örugg, lögleg og að það sem er barni fyrir bestu sé haft að leiðarljósi. Aðeins skal koma til ættleiðingar milli landa ef ekki er hægt að veita barni umönnun og fullnægjandi uppeldisaðstæður í heimalandi þess.
- 

25

Ef barn hefur verið vistað utan heimilis, því til verndar, umönnunar eða af heilsufarsástæðum, á það rétt á því að meðferð þess og allar aðrar aðstæður séu kannaðar reglulega til þess að ganga úr skugga um að allt gangi vel og að það sé enn best fyrir barnið að vera vistað á viðkomandi stað.
- 

27

Sérhvert barn á rétt á að búa við lífsskilyrði þar sem því er tryggð næring, fatnaður og öruggt heimili svo að þau geti þroskast á sem bestan hátt. Stjórnvöld ættu að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða fjölskyldur sem hafa ekki kost á því að veita börnum framangreint.

GRUNNKRÖFUR UM HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

- 

6


Öll börn eiga rétt til lífs og þroska. Stjórnvöld skulu eftir fremsta megni tryggja að börn megi lifa og þroskast.



18

Stjórnvöld eiga að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að börn foreldra sem stunda atvinnu fái notið góðs af þjónustu og aðstöðu til umönnunar barna sem þau kunna að eiga rétt á.
- 

23

Fötluð börn eiga rétt á því að lifa við aðstæður sem gera þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og völ er á svo að þau geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti. Stjórnvöld eiga, eftir því sem föng eru á, að styðja fötluð börn og fjölskyldur þeirra og veita þeim aðstoð.
- 

24

Öll börn eiga rétt á að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja. Stjórnvöld verða að veita bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, hreint drykkjarvatn, hollan mat, hreint umhverfi og fræðslu um heilbrigði og velferð til að börn geti lifað heilbrigðu lífi.
- 

26

Öll börn sem búa við fátækt eiga rétt á félagslegri og efnahagslegri aðstoð. Stjórnvöld skulu tryggja þann rétt með því að útvega peninga og annars konar stuðning.

VIÐAUKI 1: RÉTTINDI BARNA



27 Sérhvert barn á rétt á að búa við lífsskilyrði þar sem því er tryggð næring, fatnaður og öruggt heimili svo að þau geti þroskast á sem bestan hátt. Stjórnvöld verða að aðstoða fjölskyldur sem hafa ekki kost á því að veita börnum framangreint, einkum fæði, klæði og húsnæði.



33 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn því að nota, búa til, bera á sér eða dreifa ólöglegum vímuefnum.

MENNTUN, FRÍSTUNDIR OG MENNINGARSTARFSEMI




28 Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun.



32 Menntun skal rækta sjálfsmynd barna, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að virða mannréttindi og virða foreldra sína, sig sjálf, aðra menningu og umhverfið.




30 Öll börn hafa rétt á að læra og tala tungumál fjölskyldu sinnar, viðhalda menningu hennar og iðka trú hennar, hvort sem meirihluti fólks í landinu sem þau búa í hefur annað tungumál, menningu og trú eða ekki.



31 Öll börn eiga rétt á því að hvíla sig, leika sér og taka þátt í menningarlífi og listum.

SÉRSTAKAR VERNDARRÁÐSTAFANIR



22 Leiti barn eftir réttarstöðu sem flóttamaður eða hafi það réttarstöðu flóttamanns skulu stjórnvöld veita því viðeigandi vernd og stuðning til að nýta sér þau réttindi sem það á samkvæmt samningnum. Stjórnvöld verða að aðstoða börn sem eru flóttamenn og hafa orðið viðskila við foreldra sína við að sameinast þeim á ný.



30 Börn sem tilheyra minnihlutahópum hafa rétt á að læra og tala tungumál fjölskyldu sinnar, viðhalda menningu hennar og iðka trú hennar, hvort sem meirihluti fólks í landinu sem þau búa í hefur annað tungumál, menningu og trú eða ekki.



32 Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn því að vinna hættuleg störf eða störf sem eru slæm fyrir skólagöngu þeirra, heilsu eða þroska. Stjórnvöld skulu kveða á um lágmarks aldursmark eða -mörk til ráðningar barna í starf og setja viðeigandi reglur um örugg og rétt vinnuskilyrði.

VIÐAUKI 1: RÉTTINDI BARNA



Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn því að nota, búa til, bera á sér eða dreifa ólöglegum vímuefnum.



Stjórnvöld eiga að tryggja að börn séu ekki numin á brott, seld eða flutt til annarra landa eða staða til að láta þau vinna og þræla án launa.



Stjórnvöld eiga að vernda börn gegn hvers kyns annarri misbeitingu, til að mynda misneytingu barna fyrir stjórnmalastarf, fyrir fjölmiðla eða fyrir rannsóknir á sviði læknavísinda.




Ekkert barn má svipta frelsi sínu með ólögmætum hætti eða að geðþóttu. Handtaka, varðhald eða fangelsun barns skal alltaf vera síðasti valkostur og einungis í stysta mögulega tíma. Skyld er að fara mannúðlega með barn í haldi og af virðingu og það skal fá að vera í tengslum við fjölskyldu sína. Börn má ekki fangelsa með fullorðnum.



Ekkert barn yngra en 15 ára á að sinna herþjónustu eða taka þátt í stríði. Stjórnvöld skulu gera allar raunhæfar ráðstafanir til að tryggja vernd og umönnun fyrir þau börn sem áhrif vopnaðra átaka ná til.



Börn eiga rétt á því að fá hjálp ef þau hafa meiðst eða verið særð, vanrækt, komið hefur verið illa fram við þau eða þau hafa orðið fyrir áhrifum af stríði svo að þau nái aftur heilsu og reisn.



Börn sem sökuð eru um að hafa brotið lög eiga rétt á lögfræðiaðstoð og réttlátri málsmeðferð. Fyrir hendi eiga að vera mörg viðeigandi úrræði til að hjálpa þeim börnum að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Fangelsi skal vera síðasta úrræðið.

VALFRJÁLS BÓKUN VIÐ BARNASÁTTMÁLANN UM SÖLU Á BÖRNUM, BARNAVÆNDI OG BARNAKLÁM

Ríkisstjórnir verða að banna sölu á börnum, barnavændi og barnaklám og viðurkenna viðkvæma stöðu barna sem þolenda, vernda friðhelgi þeirra, veita þeim viðeigandi stoðþjónustu og tryggja öryggi þeirra.

VIÐAUKI 2: ALMENNAR ATHUGASEMDIR NEFNDAR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI BARNA

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna veitir leiðsögn um túlkun greina Barnasáttmálans með útgáfu almennra athugasemda sem eru birtar með óreglulegu millibili.

- | | | | |
|----------|---|-----------|--|
| 1 | Um markmið menntunar (2001) | 10 | Um réttindi barna sem framið hafa afbrot (2007) |
| 2 | Um hlutverk sjálfstæðra mannréttindastofnana (2002) | 11 | Um börn frumbyggja og börn sem tilheyra minnihlutahópum og réttindi þeirra samkvæmt sáttmálanum (2009) |
| 3 | Um HIV/alnæmi og réttindi barna (2003) | 12 | Um rétt barnsins til láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif (12. gr) (2009) |
| 4 | Um heilsufar á unglingsárunum (2003) | 13 | Um rétt barnsins til verndar gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu (2011) |
| 5 | Um almennar aðgerðir við innleiðingu Barnasáttmálans (2003) | 14 | Um rétt barnsins til að allar ákvarðanir sem varða það séu byggðar á því sem er því fyrir bestu (3. gr) (2013) |
| 6 | Um meðferð barna sem hafa orðið viðskila við fjölskyldur sínar utan heimalands (2005) | 15 | Um rétt barnsins til að njóta besta mögulega heilsufars (24. gr) (2013) |
| 7 | Um innleiðingu réttinda barna snemma í barnæsku (2005) | 16 | Um skyldur ríkis í tengslum við áhrif viðskiptageirans á réttindi barna (2013) |
| 8 | Um rétt barnsins til verndar gegn líkamlegum refsingum eða annars konar grimmilegum og vanvirðandi refsingum (2006) | 17 | Um rétt barnsins til hvíldar, tómstunda, leiks, afþreyingar, menningarlífs og lista (31. gr) (2013) |
| 9 | Um réttindi fatlaðra barna (2006) | 18 | Um afnám skaðlegra venja í garð kvenna og stúlkna (2014) |

- 19** Um barnamiðaða fjárhagsáætlanagerð (4. gr)(2016)
- 20** Um innleiðingu réttinda barna á unglingsárunum (2016)
- 21** Um réttindi heimilislausra barna (2017)
- 22** Um réttindi barna í samhengi alþjóðlegra fólksflutninga (2017)
- 23** Um réttindi barna í samhengi alþjóðlegra fólksflutninga: Skyldur aðildarríkja gagnvart börnum sem eiga viðkomu í eða sækja um alþjóðlega vernd í aðildarríkinu (2017)
- 24** Um réttindi barna í réttarkerfinu (2019)
- 25** Um réttindi barna í stafrænu umhverfi (2021)



BARNVÆN SVEITARFÉLÖG
ER VERKEFNI INNAN
LANDSNEFNDAR UNICEF Á
ÍSLANDI SEM STARFAR MEÐ
SVEITARFÉLÖGUM AÐ ÞVÍ AÐ
TRYGGJA RÉTTINDI BARNA.

HAFA SAMBAND

barnvaensveitarfelog@unicef.is
www.barnvaensveitarfelog.is

#ChildFriendlyCities



unicef 
fyrir öll börn